

Kæri herra Jón Sigurðsson!

Ég heiti Helga Margrét Höskuldsdóttir. Ég geng í Flóaskóla í Flóahreppi og er í 8. bekk. Það er mikill heiður að fá tækifæri til þess að skrifa þér bréf vegna þess að nú á tímum ert þú afar fræg persóna sem flest allir Íslendingar vita hver er. Í þessu bréfi ætla ég aðallega að segja þér frá Íslandi nú á tímum og líka frá mínu lífi og áhugamálum. Ekki get ég sagt að íslenskt þjóðfélag standi vel í dag. Ísland er mjög breytt síðan á þínum árum. Nú til dags ekur fólk um í bílum, sem ég er ekki viss um að hafi verið komnir í þinni tíð. Fólk býr í steiptum húsum og byggðin er orðin þéttari en hún var. Einnig hefur málfar okkar Íslendinga breyst en nú er mikið talað með enskuslettum en í þessu bréfi reyni ég að skrifa eins og íslenska var töluð á þínum tíma svo að bréfið sé nú skiljanlegt fyrir þig. Eins hefur tækninni farið mikið fram. Í dag skemmtir fólk sér við að horfa á það sem við köllum sjónvarp, en það er tæki sem þú myndir hugsanlega halda að væri fiskabúr eða eitthvað álíka en það er ábyggilega ekki til það heimili (allavega mjög fá) sem ekki hafa sjónvarpstæki við höndina. Eins sérð þú að þetta bréf er ekki skrifað á blað með penna og bleki, heldur er það skrifað inná tæki sem heitir TÖLVA. Það er með hana eins og sjónvarpið að það eru ekki mörg heimili sem eiga ekki tölvu. En það að útskýra hvernig tölvur virka er allt of flókið og einnig myndi það lengja þetta bréf töluvert mikið og ég get ekki ímyndað mér að þú hafir ódrepani áhuga á því að læra um tæki sem þú munt því miður aldrei notað. En nú er nóg komið af tæknibreyttri menningu Íslands, þó að það sé að vísu frekar merkilegt. En nú ætla ég að segja þér frá sjálfri mér. Ég heiti eins og fyrr sagði Helga Margrét og ég er 13 ára en verð 14 ára 8. nóv n.k. sem er reyndar næstum því ár. Ég spila og læri á píanó og stunda fimleika. Fimleikar eru íþrótt sem er kannski best að lýsa sem hoppi og skoppi og heljarstökkum í loftinu. En þó að það hljómi kannski ekki spennandi þá er þetta það skemmtilegasta sem ég geri á daginn í mínum frístundum. En ég æfi fimleika 4 sinnum í viku í 2 klukkutíma í senn og síðan keppi ég á ýmsum mótum og núna síðast lentum við í þriðja sæti á Unglinga (unglingar eru börn á aldrinum 12-17 ára) móti Fimleikasambands Íslands. Ég bý á Stóra-Ármóti í Flóahreppi ásamt foreldrum mínum og 4 systkinum en þér finnst það kannski ekki mikið þar sem að í gamla daga var það eðlilegt að eiga kannski um það bil 10 börn en í dag þykir það eiginlega allt of mikið og það mesta sem fyrir finnst á Íslandi eru kannski 5 eða 6 börn. Á bænum mínum erum við með búskap og búið er meira að segja tilraunabú. Við erum með u.þ.b. 45 kýr sem við mjólkum kvölds og morgna og núna er það gert með tækjum, við þurfum ekki að handmjólka þær sjálf. Við erum með um 100 kindur sem eru úti á túnnum á sumrin en inni í fjárhúsi á veturna. Kindurnar eru aðallega notaðar til þess að fá ullina þeirra en nú til dags er kindamjólk ekki notuð. Síðan erum við með nokkra hesta sem við notum aðallega til skemmtunar og síðan eigum við 4 hænur, hund og kött. Núna er ég búin að segja þér frá ýmsu sem hefur breyst og batnað hér á Íslandi í gegnum árin og er ekki mikið óupptalið. En þó er ástæðan fyrir því að ég er að skrifa þér sú að í ár, árið 2011, eru liðin 200 ár hvorki meira né minna síðan þú fæddist og þess vegna er haldin samkeppni um að skrifa til þín bréf og bekkurinn ákvað að taka þátt í henni. En nú ætla ég að slá botninn í þetta og vona að þetta hafi verið skemmtileg lesning.

Með kærri kveðju,

Helga Margrét Höskuldsdóttir.

P.s. Ég ákvað að segja þér ekki frá niðurdrepani málum eins og bankahruninu og kreppunni, en það er bara einfaldlega ekki gaman að lesa um það.